

71. fundur skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 17.apríl 2013, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9 -11.

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (fundarritari), Sigrún J. Marelsdóttir, Árný Sveina Þórólfsdóttir boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis. Dögg Hringisdóttir kölluð inn á fundinn.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
Sigrún Hauksdóttir segir frá fræðslufundi skrásetjara og vinnu við vörpun milli Gegnis og Rafhlöðurnnar í framhaldi af því. Aðgreining útgáfustaðsetningar og varðveislustaðsetningar. Hvort tveggja á rétt á sér.
2. **Skráning DVD-boxa.** Hildur fer yfir erindi frá Árnýju. Hvernig skal skrá marga titla saman í boxi, geta verið alveg óskyldir – eða deilt t.d. sama leikara. Á að skrá boxið og síðan hvern titil fyrir sig.

Á Lbs og BBS eru myndir aðskildar og skráðar hver fyrir sig.
Erindinu frestað til næsta fundar.

3. **Óvirkir skrásetjarar.** Á að taka óvirka skrásetjarar út eftir vissan tíma?
Dögg færir óvirka skrásetjara yfir í sér grunn. Þeir geta ekki hafið störf aftur án þess að hafa samband við Landskerfi.

Hildur hafði safnað lista yfir þá sem teldust óvirkir – Dögg sendir henni sinn lista til samanburðar.

Ákveðið að finna gamlar reglur um gildistíma skráningaheimilda og endurskoða þær ef þörf krefur. Taka upp síðar, ekki aðkallandi úrlausnarefni.

4. **Greining útgefanda.** Sigrún Marelsdóttir ræðir um mismunandi rithátt á útgefendum, sbr. verkalýðsfélög og karlakórar
 - Þrestir (karlakór)
 - Karlakórinn Þrestir

Ekki talið mögulegt að samræma, nema í nafnmyndaskrá fyrir stofnanir. 710xx.
Niðurstaðan að útgefandi er skráður eins og stendur á riti/gagni skv. skráningarreglum, í sem stystri mynd, þó svo ekki leiki vafi á við hvað er átt.

5. Önnur mál.

- a) Hildur ræddi um ítarefni í 856 sviði. Slóðir sem fylgja úr erlendum færslum eru mismikils virði. Hvetja þarf skrásetjara sem veiða færslur til að hreinsa út gagnslitlar slóðir.
- b) Hildur segir frá því að 4 nýir skrásetjarar útskrifuðust í síðustu viku.
- c) Sigrún Hauksdóttir sagði frá uppfærslu á Gegni sem fyrirhuguð er á sumardaginn fyrsta, og fór yfir nýjungar sem koma með henni.
- d) Sveinbjörg sagði ráðstefnufréttir frá Leipzig. Fór yfir stöðu RDA í Þýskalandi. Innleiðing hefst síðar á þessu ári og á að ljúka 2015.

Undirbúningur hefst á þessu ári, prófanir á næsta ári og innleiðingu á að vera lokið á miðju ári 2015. Fyrsta landið sem ekki er enskumælandi – búnir að þýða reglur á þýsku.

Tenging á milli skjala-, bóka- og almennra safna. Tenging í þau gögn sem fyrir eru. Sbr. Deutsche Digitale Bibliothek

- e) RDA á Íslandi. Nauðsynlegt er að þýða lykilhugtök yfir á íslensku. Reglurnar í heild verða líklega ekki þýddar. Skrásetjarar verða að vera læsir á enskt fagmál.

Stofna þarf vinnuhóp um þetta mál, með aðkomu skráningarráðs. Byrja hjá bókasöfnum og draga svo önnur söfn inn í vinnuna eftir því sem tilefni er til.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11.

Næsti fundur verður haldinn á miðvikudaginn, 8. maí 2013, kl. 9.

Rósa S. Jónsdóttir